

ÍR-ingar hófu fyrstir iðkun badmintons á Íslandi

Eins og á svo mörgum öðrum sviðum íþróttanna voru ÍR-ingar frumkvöðlar að iðkun badmintons í landinu. Þar kveiktu eldara þeir nafnarnir Jón Kaldal og Jón Jóhannesson. Kaldal fór til Norðurlanda haustið 1933 til að kynna sér nýjungar í ljósmyndataekni ásamt því að reka ýmis erindi fyrir ÍR. Notaði hann tækifærið til að kynna sér íþróttastarfið í Danmörku og kynntist þá m.a. badminton sem átti ört vaxandi vinsældum þar að fagna. Jón var einnig í Kaupmannahöfn stutta stund meðan Kaldal var þar og lærði leikinn fyrir áeggjan hans, en þeir sátu báðir í stjórn ÍR á þessum tíma.

Heim kominn átti Morgunblaðið samtalið við Kaldal um för hans til Danmerkur. „Í Danmörku eykst hröðum skrefum iðkun manna á badmintonleik. Nú eru jafnan allir fimleikasalir uppteknir í Höfn af fólki sem iðkar badminton þegar ekki eru stundaðar þar aðrar íþróttir. Í Englandi eru yfir 1.200 bad-

mintonfélög. Í Danmörku er verið að byggja mörg hús fyrir badminton. ÍR ætlar að taka upp leik þennan hér,“ segir hann.

Á stjórnarfundum 22. nóvember 1933, daginn eftir heimkomuna, gerði Kaldal stjórn ÍR m.a. grein fyrir hinni nýju íþrótt. Hús félagsins við Túngötu þótti henta vel fyrir þennan knattleik. Þeir Jón höfðu báðir æft leikinn lítils háttar í Danmörku og komið með áhöld, „knattdrepu og knetti“, eins og þar segir. Fundurinn ákvað að stjórnin beitti sér fyrir að leikurinn yrði tekinn upp hér á landi og fengi tennisnefnd félagsins í lið með sér. Hana skipuðu Laufey Einarsdóttir, Magnús Andrésson og Helgi Eiríksson.

Kaldal talaði máli hinar nýju íþróttar á almennum félags- og skemmtifundi á Hótel Borg viku seinna. Lauk hann máli sínu með því að skora á félagið að ganga rösklega að því að efna til

æfinga í badminton. Undir það tóku kröftuglega Helgi Eiríksson og Sigurliði (Silli og Valdi) Kristjánsson formaður ÍR. Var síðan samþykkt þá þegar að skipa nefnd í málið. Í hana völdust Helgi Eiríksson, Magnús Andrésen og Jón Kaldal. Bauð nefndin – sem kalla mætti fyrstu badmintonnefnd ÍR – öllum viðstöddum að koma í ÍR-húsið næsta sunnudag, 10. desember, þar sem nefndarmenn ætluðu að sýna leikinn. Hafði Kaldal kennt þeim hann í millitíðinni og nokkrum öðrum félögum sínum.

Færri komust að en vildu

Reglubundnar æfingar í „hinni fallegu og skemmtilegu íþrótt“, eins og félagsmenn töluðu jafnan um badminton, komust ekki á þennan vetur. Sérstaklega vegna þess að áhöld voru af skornum skammti, einungis voru til þau sem Kaldal og Jón Jóhannesson höfðu orðið sér úti um í Danmörku. Þegar vetrarstarfsemin hófst haustið 1934 var efnt til æfinga í badminton. Þar leiðbeindu þeir nafnarnir ásamt frjálsíþróttakennara ÍR, Aðalsteini Hallssyni. Naut íþróttin fljótt vinsælda og var æft af miklu kappi í ÍR-húsinu næstu árin. Þátttaka var mikil og var svo komið í árslok 1936 að allir tímar í húsinu voru uppteknir. Munu milli 20 og 30 manns hafa iðkað íþróttina að staðaldri en færri komust að en vildu og hjá ÍR nutu fimleikarnir enn forgangs á aðrar greinar varðandi æfingatíma.

Engum kappmótum var fyrir að fara í badminton á fyrstu árum iðkunar

íþróttarinnar. Var hún fyrst sýnd opinberlega – af ÍR-ingum – árið 1937, á aldarfjórðungs afmælishátíð Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ). Að sögn Morgunblaðsins voru áhorfendur afar hrifnir af leiknum.

Að því kom að skynsamlegt þótti að færa tennis, sem iðkaður hafði verið í félaginu frá 1926, og badminton á eina hendi. Enda að mörgu leyti sama fólkið sem lagði stund á báðar greinar. Þannig voru í maí 1943 skipaðir í tennis- og badmintonnefnd þeir Einar Ingvarsson, Einar Ásgeirsson og Árni Magnússon. Sömu menn voru skipaðir að nýju í ágúst 1944 og enn aftur í júní 1945. Litlum sögum fer af framgangi íþróttarinnar hjá ÍR á þessum tíma. Í félagsblaði ÍR – Þrótti – í júní 1943 segir að badminton hafi verið iðkað mjög í Reykjavík undanfarin ár. Og svo virtist þá sem meira fjör væri að færast í íþróttina. En svo skipuðust veður í lofti að ári seinna var ekkert badminton iðkað hjá ÍR vegna skorts á húsnæði. Veturinn 1944-45 höfðu umsjónaraðilar hússins leigt öðru félagi, TBR, alla tíma sem lausir voru til badmintoniðkana. Stjórn félagsins taldi þá ráðstöfun óheppilega og að illa væri fyrir félaginu komið en aðhafðist þó ekkert. Höfðu TBR um árabil verið leigðir tímar undir badminton í ÍR-húsinu. Félagsmenn þess voru að stórum hluta gamlir ÍR-ingar.

Einar Jónsson vann fyrsta innanfélagsmót ÍR

Í ljósi eftirspurnar eftir tímum fyrir badminton í ÍR-húsinu var þess freistað

haustið 1945 að fá sem flesta tíma fyrir tennis og badminton í öðrum húsum, einkum þó í Andrews-höllinni við Hálogaland. Ekki verður ráðið af gögnum hverjar undirtektir þær tilraunir hlutu.

Enginn mælikvarði fékkst á iðkendur badmintons þar sem enn var ekki efnt til opinberra móta í íþróttinni. Fyrsta mótið var innanfélagsmót ÍR sem félagið efndi til 12. og 13. apríl 1946 í ÍR-húsinu. Þátttakendur voru þessir: Ólafur Sigurðsson, Einar Jónsson, Hannes Pálsson, Björn Tryggvason, Hallvarður Valgeirsson, Guðni Guðmundsson, Jón Bergþórsson, Erlendur Einarsson, Einar Ásgeirsson, Garðar Þórhallsson, Konráð Gíslason, Sveinn Zoëga, Sigurður Steinson og Einar Ingvarsson. Allir höfðu þeir iðkað badminton af eldmóð og áhuga hjá ÍR um veturinn. Dómarar mótsins voru Þórhallur Tryggvason og Baldvin Jónsson.

Keppnin var með útsláttarfyrirkomulagi og féll því sá úr sem tapaði leik. Í aðra umferð komust Björn Tryggvason, Einar Jónsson, Einar Ásgeirsson, Ólafur Sigurðsson, Sigurður Steinsson, Einar Ingvarsson og Guðni Guðmundsson.

Í þriðju umferðinni fóru leikar þannig að Guðni vann Einar Ásgeirsson, Einar Jónsson vann Ólaf, Einar Ingvarsson vann Sigurð og Björn sat yfir og komst áfram án keppni. Einararnir tveir sem eftir voru léku svo til úrslita. Í fjórðu umferð – undanúrslitunum – lagði

Einar Jónsson Björn Tryggvason og Einar Ingvarsson vann Guðna Guðmundsson.

Einar Jónsson vann síðan nafna sinn Ingvarsson í úrslitaleiknum og hlaut þar með nafnbótina badmintonmeistari ÍR 1946. Hann átti síðar eftir að verða fyrsti Íslandsmeistarinn í badminton. Frá mótinu, hinu fyrsta sem ÍR hafði haldið í badminton, og sigri Einars var sagt á baksíðu Morgunblaðsins.

Lágu í sýningarleik á afmælishátíð ÍR

Meðal annars vegna ágættrar reynslu af mótinu og góðra undirtekta var tímum fyrir badminton í ÍR-húsinu fjölgað í tíu á viku um haustið. Ekki virtist það skila sér í betri leik því keppendur ÍR töpuðu með stórum mun fyrir sveit TBR á afmælishátíð ÍR í mars 1947. Hátíðin fór fram í íþróttahúsinu við Hálogaland. Eftir fimleikasýningu var efnt til sýningarleikja í badminton milli sveitanna tveggja.

Efnt var að nýju til innanfélagskeppni í badminton 8. maí 1948. Tennis- og badmintonnefndin útvegaði bikar til keppinnar er yrði að vinnast alls þrisvar sinnum til að vinnast til eignar. Einar Jónsson vann á ný einmenningskeppnina, eftir úrslitaleik við Sigurð Steinsson. Þriðji varð Erlendur Einarsson en þátttakendur voru alls tíu. Einar og Sigurður voru samherjar í tvímenningskeppninni og unnu hana; lögðu Einar Ásgeirsson og Erlend Einarsson í úrslitaleik.

Sigurður, Einar Jónsson og Erlendur tóku þátt í badmintonkeppni Víkings í tilefni af 40 ára afmæli félagsins í nóvember. Hófst hún í Íþróttahúsinu við Hálogaland en leikið var til úrslita í íþróttahúsi Háskólans. Þeir riðu ekki feitum hesti frá mótinu, enginn þeirra komst í úrslit. Einar var næstur því, varð annar í sínum riðli, en aðeins sigurvegarar í riðlum komust í úrslitaleikina. Fékk hann tvo vinninga en Sigurður og Erlendur engan.

Knúíð á um Íslandsmót

Þegar hér var komið sögu voru íþróttafélögin í Reykjavík farin að knýja á um að efnt yrði til Íslandsmóts í badminton. Ritsstjóri íþróttablaðsins *Sport* tók undir það í blaði sínu 1948. Sagði að mikill fjöldi manna iðkaði badminton og því kæmi það einkennilega fyrir sjónir að ekki skyldu vera haldin mót eins og meistaramót Íslands, bæði í kven- og karlaflokki, eins- og í tvímenningskeppni.

„Undanfarin ár hafa að vísu bæði Tennis- og badmintonfélagið og ÍR og e.t.v. fleiri félög haldið innanfélagsmót, en það hefur mjög lítið farið fyrir þeim. Það hlýtur að verða öllum aðdáendum þessara íþróttagreina kærkomið að haldin yrðu opinber mót og ættu því réttir aðilar að koma þessu í framkvæmd sem fyrst. Mun það, eins og gefur að skilja, koma enn meira lífi í þessar ágætu íþróttagreinar og um leið meiri fjölbreytni í íþróttastarfseminu í landinu yfirleitt,“ sagði *Sport*.

Að því kom að efnt var til Íslandsmóts í badminton. Fór það fram í íþróttahúsi Háskólans um mánaðamótin maí/júní. Var þó aðeins keppt í flokki karla, einliða- og tvíliðaleik.

Einar fyrsti Íslandsmeistarinn eftir draumanótt

Sem fyrr segir hrósaði Einar Jónsson ÍR sigri í einliðaleik á þessu fyrsta Íslandsmóti í badminton. Dreymdi hann fyrir sigrinum. Hafði hann gengið snemma til náða kvöldið fyrir keppnisdaginn til að vera vel hvíldur. Í draumnum birtist fjallkona sem færði honum fjóra ríkisdali með þeim orðum að þá ætti hann skilið. Til þess að verða meistari daginn eftir varð hann að vinna fjórar viðureignir – og það tókst. Til úrslita lék hann við Ágúst Bjartmarz frá Stykkishólmi og vann viðureignina 15:12 og 15:11.

Þannig raðaðist í mótið að í undanúrslitum léku þeir félagarnir úr ÍR, Einar og Sigurður Steinsson, innbyrðis. Hafði Einar betur, vann viðureignina 15:9 og 15:3. Sigurður hafði unnið Jón Jóhannesson sem keppti nú fyrir TBR. Varð Jón að gefa leikinn vegna meiðsla.

Reykjavíkurmeistaramót í badminton var haldið 1941 en þar voru einungis keppendur frá TBR og engir verðlaun afhent. Ekki var efnt til Reykjavíkurmóts að nýju fyrr en í maí 1950. Einar Jónsson komst alla leið í úrslitin en mætti þar dönskum manni, Wagner Walbom, sem búið

hafði í landinu um nokkurra ára skeið. Þótti hann bera höfuð og herðar yfir íslenska badmintonmenn. Viðureign þeirra Einars var jöfn framan af en á endanum vann Walbom 17:14 og 15:6.

Úrslitamennirnir frá árinu áður drögust saman í fyrstu umferð

Annað Íslandsmótið fór fram í Stykkishólmi um páskana 1950 að viðstöddum fjölda áhorfenda enda naut íþróttin vinsælda í bænum. Útsláttarkeppni var í hverjum flokki og hver sem tapaði leik var því fallinn úr keppni. Tilviljun réð hvernig keppendur drögust saman. Og svo einkennilega vildi til að úrslitamennirnir frá því árið áður, Einar Jónsson og heimamaðurinn Ágúst Bjartmarz, lentu saman í fyrstu umferð. Reyndist Ágúst snarpari að þessu sinni og vann 15:11 og 15:1. Hann vann síðar úrslitaleik mótsins en Einars beið að keppa einnig til úrslita í tvíliðaleik.

Sigurður Steinsson tók þátt í einliðaleikum, tapaði fyrri lotu í viðureign sinni og gaf svo leikinn er staðan var 10:6 í annarri lotu. Þeir Einar skipuðu lið ÍR í tvíliðaleik. Unnu þeir mótherja sína úr TBR, Magnús Davíðsson og Pál Andrússon, 15:10, 14:13 og 15:12 í fyrri umferð. Í næstu umferð – undanúrslitum – báru þeir sigurorð af Guðjóni Einarssyni og Friðriki Sigurbjörnssyni úr TBR 11:15, 15:7 og 15:6. Voru þar með komnir í úrslitaleikinn um Íslandstitilinn í tvíliðaleik en töpuðu 15 :11 og 15 :13 fyrir frum-

kvöðlinum Jóni Jóhannessyni og Georg L. Sveinssyni úr TBR.

Spaðar og boltar fyrir bátagjaldeyri

Úr þessu tók að halla undan badmintoníþróttinni á vettvangi ÍR. Félagið átti aðeins fjóra keppendur af 27 á þriðja Íslandsmeistaramótinu, sem fram fór í íþróttahúsinu við Hálogaland í Reykjavík um páskana 1951. Í úrslit komust þeir ekki. Einar Jónsson var genginn til liðs við TBR og framfarir höfðu orðið meiri hjá öðrum félögum. Áleit ÍSÍ að á þessu stigi hefðu um 300 manns iðkað badminton í landinu. Var stöðnun orðin í iðkun badmintons á þessum tíma, iðkendum fjölgaði hægt. Bæði voru þrengsli í íþróttahúsunum og erfitt var að fá áhöld en þau voru dýr í innflutningi vegna hafta og skömmunar. Og löngum stöð í stappi um að fá leyfi til innflutnings á boltum og spöðum sem féllu undir svonefndan „bátagjaldeyri“. Honum skyldi varið til kaupa á vörum sem ekki töldust til brýnna nauðsynja og var þessi gjaldreyrir seldur á yfirverði.

Sigurður Steinsson keppti þó til úrslita við Wagner Walbom TBR á Reykjavíkurmeistaramótinu sem fram fór í apríl 1951. Í þeirri viðureign hafði Walbom betur. Auk ÍR og TBR sendi Skandinavisk Boldklub menn til keppinnar að þessu sinni. Leikni Walboms var mjög mikil og sagði Morgunblaðið eftir mótið að enginn hérlandur maður stæði honum enn á sporði í badminton.

Sigurður Steinsson síðasti keppandi ÍR

Áfram var badminton iðkað í íþróttahúsi ÍR en félagið sendi þó enga keppendur í mót árinu 1952. Undantekning er þó þátttaka Sigurðar Steinssonar sem valinn var í lið Reykjavíkur til bæjarkeppni við Stykkishólm á afmælisíþróttahátíð ÍSÍ í Reykjavík í júní 1952. Sigurður var eini ÍR-ingurinn í liðinu, allir hinir úr TBR. Hann var einn af duglegustu iðkendum badmintons hjá ÍR alveg frá því íþróttin barst til landsins. Og hélt æfingum áfram þótt ekki keppti hann að staðaldri á þessum árum. Sigurður vann sína viðureign í einstaklingskeppninni í bæjarkeppninni og einnig tvíliðaleik sem hann spilaði með keppanda úr TBR gegn hólmurum. Skilaði því tveimur vinningum af átta sem Reykjavíkurlíðið hlaut er það vann lið Stykkishólms með átta vinningum gegn fimm í Hálogalandi. Hallgrímur Oddsson útgerðarmaður gaf bikar til keppinnar. Ætlaðist hann til þess að bæjakeppnin yrði árlegur atburður, en úr því varð ekki.

ÍR sendi enga keppendur á Íslandsmótið 1953 en Reykjavíkurmótið fórst fyrir þetta ár vegna húsnæðisleysis. Félagið átti hins vegar fjóra keppendur, allt karla, á Íslandsmótinu í apríl 1954 en engan í Reykjavíkurmótinu mánuði fyrr. Engin verðlaun uppskáru ÍR-ingarnir í Íslandsmótinu. Á þessum árum er ekki minnst á badminton í fundargerðum stjórnar félagsins og starfsemi tennis- og badmintondeildarinnar er liðin undir lok um miðjan sjötta áratuginn.
